



Skólastjóri óskast til starfa

Vilt þú vera hluti af öflugum stjórnendateymi í leik- og grunnskólum Skagafjarðar? Sveitarfélagið Skagafjörður auglýsir stöðu skólastjóra Varmahlíðarskóla lausa til umsóknar. Skólastjóri ber ábyrgð á starfsemi skólans, rekstri og mannauðsmálum. Hann gegnir lykilhlutverki í mótun skólastarfsins og samstarfi skóla og íbúa. Skólastjóri ber ábyrgð á að starfað sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá grunnskóla og stefnumörkun sveitarfélagsins.

Leitað er að öflugum einstaklingi sem er tilbúinn til að leiða skólastarfið með jákvæðum hætti, stilla saman strengi starfsmanna og heimila og vera tilbúinn til að vinna í teyllum með sérfræðingum skólaþjónustu og yfirstjórn skólamála í héraðinu. Hann þarf að vera framsýnn, lausnamiðaður, hugmyndaríkur og umbótasinnaður.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Veita skólanum faglega forystu og leita leiða til að efla nám og kennslu.
- Skipulag náms og kennslu, skólaþróun og gerð skólanámskrár.
- Umsjón með þróun innra mats.
- Ber ábyrgð á rekstri skólans, gerð fjárhagsáætlana og stjórn mannauðs í samstarfi við aðra stjórnendur sveitarfélagsins.
- Stuðlar að góðu samstarfi við önnur skólastig innan sveitarfélagsins, foreldra og fræðsluyfirvöld.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Grunnskólakennaramenntun, leyfisbréf kennara og kennslureynsla skilyrði.
- Viðbótarmenntun í stjórnun og/eða á sviði uppeldis- og menntunarfræða er skilyrði.
- Reynsla af stjórnun skólamála og faglegri forystu á sviði kennslu, nýbreytni og þróunarstarfs.
- Þekking á stefnumótun og reynsla af opinberri stjórnsýslu.
- Þekking og færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Þekking á sviði upplýsingatækni.
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni, reynsla af stjórnun er kostur.
- Samstarfshæfni, lipurð í mannlegum samskiptum og gott læsi á umhverfi og samfélag.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og faglegur metnaður.
- Góð íslenskukunnátta í töluðu og rituðu máli.
- Hreint sakavottorð, skv. lögum um grunnskóla.

Umsóknarfrestur er til og með 24. maí 2022

Nánari upplýsingar um starfið veitir Selma Barðdal, fræðslustjóri í síma 455 6000 eða selma@skagafjordur.is. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við KÍ f.h. Skólastjórafélag Íslands.

Upplýsingar um kaup og kjör veitir launadeild sveitarfélagsins, launadeild@skagafjordur.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og stutt kynningarbréf þar sem fram kemur hvers vegna sótt er um starfið og hvernig viðkomandi uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til þess. Afrit af prófskírteinum þurfa að fylgja umsókn. Umsókn ásamt fylgiskjöllum skal skilað í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins, www.skagafjordur.is (laus störf). Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.